Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 2. október 2020
USK2020090015

UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um stæði og sleppistæði við leik- og grunnskóla (US200281).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 26. ágúst sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

> *Fyrirspurnir framhaldi af svari skipulagsyfirvalda við fyrirspurn Flokks fólksins um stæði- og sleppistæði við leik- og grunnskóla.*
>
> *Í svari var vísað í reglur sem skipulag- og samgönguráð samþykkti 19. desember 2018. Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvort reglur um fjölda bíla- og hjólastæða í Reykjavík er fylgt til hins ítrasta. Einnig er spurt hvort það standi til hjá skipulags- og samgönguyfirvöldum að breyta þessum reglum næsta árið í þá átt að fækkað verði enn frekar bílastæðum og sleppistæðum við einhverja leik-, grunnskóla og frístundarheimili?*
>
> *Stendur það til hjá skipulagsyfirvöldum að setja gjaldskyldu á þau stæði önnur en sleppistæði sem nú eru til staðar fyrir framan leik- og grunnskóla og frístundaheimili?*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann 2. september sl.

Svar við fyrirspurn:

Í inngangskafla reglna um fjölda bíla- og hjólastæða í Reykjavík, kemur fram að þær séu hluti af bíla- og hjólastæðastefnu aðalskipulags borgarinnar. Reglurnar lýsa kröfum um fjölda bíla- og hjólastæða innan lóða í Reykjavík, vegna nýbygginga og/eða endurnýjunar byggðar. Þær eru lagðar til grundvallar við gerð hverfis- og deiliskipulaga og við veitingu byggingarleyfa. Skrifstofunni er ekki kunnugt um annað en að farið sé eftir reglunum hvað þetta varðar.

Við innleiðingu á nýjum gjaldsvæðum er unnið eftir verklagsreglum sem samþykktar voru af skipulags- og samgönguráði. Fyrir innleiðingu nýrra gjaldsvæða er lagt mat á bílastæðanýtingu. Við ákvörðun um innleiðingu nýrra gjaldsvæða er miðað við að nýting sé að jafnaði yfir 85%, á þeim tímum sem eftirspurn er í hámarki eða að gjaldskylda sé mikilvægur liður í að styðja við þjónustuaðila, gesti eða íbúa.

Ekki er hægt að útiloka að gjaldskylda nærri leikskólum, þá sérstaklega í miðborgunni, kunni að koma til skoðunar við reglulega endurskoðun gjaldsvæða. Þá verður gjaldskylda tekin til skoðunar í samræmi við framangreindar verklagsreglur, óski skólarnir eftir því.

Af hálfu skrifstofunnar eru engin áform um að leggja á sérstaka gjaldskyldu við leik- og grunnskóla eða frístundaheimili.

Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri